


Alþingi
Erindi nr. P 140/980
komudagur 10.2.2012

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. febrúar 2012

Tilvísun: 2011111239PS/--

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 11. nóvember 2011 um umsögn um þingsályktunartillögu um Vefmyndasafn Íslands (þskj. 121, 121. mál á 140. löggjafarþingi). Í tillögunni er skorað á menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning og uppsetningu vefmyndasafns með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins.

Sé þess gætt við uppsetningu vefmyndavéla að á myndefni sé ekki hægt að greina einstaklinga telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda. Sé það hins vegar mögulegt er um að ræða rafræna vöktun sem samrýmast þarf ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. m.a. 4. gr. laganna. Getur þá reynt á ýmis álitaefni, m.a. ef myndavélum er komið þannig fyrir að þær beinist að heimilum manna og ef varðveita á myndefni.

Þar sem ekki liggur fyrir útfærsla á umræddum tillögum er hins vegar ekki tilefni til frekari athugasemda að svo stöddu.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á að veita umbeðna umsögn, en hún stafar af miklum önnum stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson